

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð sumarbúða Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. maí 1964.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð sumarbúða Austurlands.

1. gr.

Félagið heitir styrktarfélag sumarbúða Austurlands, skammstafað SSA. Félagið er sjálfseignarfélag. Heimili þess og varnarþing skal teljast þar sem það reisir mannvirki sín og rekur starfsemi sína.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að leitast við að skapa hjá æskunni hollar lífsvenjur og áhuga fyrir heilbrigðu lífi og íþróttum.

Í þessu skyni hyggst félagið koma upp miðsvæðis á Austurlandi sumarbúðum fyrir unglunga og gangast þar fyrir æskulýðsnámskeiðum og mótum, þar sem unglingarnir kynnist og taki þátt í íþróttum, leikjum og öðru því, er hafa má þroskandi áhrif á sál þeirra og líkama.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því:

- a) Að efla skilning einstaklinga og stofnana í fjórðungnum fyrir þeirri nauðsyn, að upp risi hér á Austurlandi stofnun, slík sem um getur í 2. gr. hér á undan.
- b) Að afla tekna félaginu til handa með því að leitast við að fá bæjar- og sveitarfélög á Austurlandi til að leggja fram árlegt framlag till starfsemi félagsins eða með því að efna til happdrættis, merkjasölu, samkomuhalds, eða annarra almennra fjáröflunarleiða, er stjórnin telur hverju sinni happadrýgstar.

4. gr.

Fjárframlögum til félagsins fylgja ekki hlunnindi. Félagsmenn njóta engra sérréttinda í sambandi við starfsemi félagsins.

5. gr.

Fjármuni félagsins skal nota til að koma á fót nauðsynlegri aðstöðu fyrir starfsemi félagsins, svo og til sjálfrar starfseminnar.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir í hönkum eða öðrum opinberum lánastofnunum.

6. gr.

Endurskoðun félagsins skal falin 2 endurskoðendum, öðrum kjörnum á aðalfundi félagsins, en hinum kjörnum af sýslunefnd Suður-Múlasýslu.

7. gr.

Þeir, sem gerast vilja félagsmenn, skulu leggja fram skriflega inntökubeiðni, er borin skal undir atkvæði á aðalfundi félagsins. Félagsmenn skulu greiða félagsgjöld eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Gjaldldagi félagsgjalda er 1. september.

Einungis skuldlausir félagsmenn eru kjörgengir í trúnaðarstöður og hafa atkvæðisrétt á fundum félagsins. Greiði félagsmaður ekki árgjald sitt tvö ár í röð, jafngildir það úrsögn úr félaginu og skal frá því skýrt á aðalfundi. Venjulegar úrsagnir skulu og birtar á aðalfundi.

8. gr.

Reikningsár félagsins skal vera frá 1. sept. til jafnlengdar næsta ár.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í septembermánuði ár hvert. Skal þar flutt skýrsla félagsins, svo og endurskoðaðir reikningar fré síðasta reikningsári.

Á aðalfundi skal fram fara kjör stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda félagsins, þess er félaginu ber að kjósa.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, sem kjörnir skulu leynilegri kosningu. Varastjórn skipa þrír menn. Varastjórn skal kjörin á sama hátt og aðalstjórn. Endurskoðandi skal einnig kjörinn leynilegri kosningu. Stjórn félagsins stjórnar rekstri þess milli aðalfunda, er ræður starfsfólk að stofnunum félagsins.

10. gr.

Nú leggst starfsemi félagsins einhverra hluta vegna niður og aðalfundur er eigi haldinn, svo sem lög félagsins mæla fyrir um. Skulu þá sýslumenn Múlasýslna og bæjarstjórar kaupstaða á Austurlandi, í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins, koma saman til fundar og ráða til lykta hversu farið skuli með eignir félagsins, enda skal jafnan stefnt að því, að þær þjóni hinum upprunalega tilgangi sínum.

11. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra manna á aðalfundi.

12. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá forseta Íslands.